

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**893. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 4. janúar 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### **Fundinn sátu:**

Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

### **Embættismenn:**

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála-og stjórnsýslusviðs

### **Fundarritari:**

Guðrún Ragnarsdóttir

### **Afgreiðslur:**

1. **Lögð fram til kynningar drög að útboðsgögnum vegna ræstingar í grunnskóla.** Byggðarráð samþykkir drögin með áorðnum breytingum.
2. **Lagður fram til kynningar óstaðfestur ársreikningur Róta bs. 2014.**
3. **Lagðar fram til kynningar eftirtaldar fundargerðir:**
  - a) Fundargerð 380. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands
  - b) Fundargerð 833. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga
  - c) Fundargerð 834. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga
4. **Lögð fram til kynningar ársskýrsla rekstraraðila um rekstur tjaldsvæðis á Borðeyri árið 2014.** Byggðarráð mun kalla rekstraraðila til fundar fljótlega.
5. **Lögð fram til kynningar umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga mál nr. 263 þingskjal nr. 290.**

„Byggðarráð Húnaþings vestra mótmælir þeirri hugmynd sem fram kemur í þingskjali nr. 290, um breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga, þar sem gert er ráð fyrir að auknum tekjum Jöfnunarsjóðs vegna hlutdeildar í sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki verði ráðstafað árlega í samræmi við álagt heildarútsvar ársins 2013. Byggðarráð vekur athygli á að meðalútsvar á landinu árið 2014 var kr. 417.035,- á íbúa en á sama tíma er meðalútsvar í Húnaþingi vestra kr. 329.074,- á íbúa. Mismunur er kr. 87.961,-

Byggðarráð telur það ekki samræmast 8. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem skýrt kemur fram að hlutverk Jöfnunarsjóðs er að jafna mismunandi útgjaldþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum, að sérstöku framlagi Jöfnunarsjóðs skuli eiga að ráðstafa þannig að sveitarfélög sem þegar hafa mestar tekjur fái bróðurpartinn af tekjum Jöfnunarsjóðs af sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 155/2010, með síðari breytingum.“

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl:14:40

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

---

Elín R. Líndal

---

Guðrún Ragnarsdóttir